

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

JÚNÍ 2013

6. tbl. 20. árg.



S. 581 15 15
3 staðir 1 símanúmer
Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



Félagsstarfið í Gerðubergi og Hólabrekkuskóli hafa verið í samstarfi til margra ára um verkefnið „Kynslóðir saman“, í ýmsum verkefnum og viðburðum. Markmið með því er að gefa nemendum tækifæri á að eiga samveru með eldri borgurum og fá fræðslu frá þeim, styrkja eigið gildismat og dómgreind. Myndin er af krökkum úr Hólabrekkuskóla sem hafa tekið þátt í verkefninu. Sjá nánar á bls. 2. Mynd GJ.



Sveinsbakari
Hólagarði og Arnarbakka

Lyfjaval
APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD
BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10-23 alla daga



Slökkvitækjaþjónustan
☎ 564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélag - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!



PANTAÐU Á NETINU
www.dominos.is sími 58-12345



Velkomin í Landsbankann í Mjódd

Ánægðustu viðskiptavinirnir eru í Landsbankanum. Útibúið í Mjódd er opið alla virka daga frá 9.00 til 16.00. Við tökum vel á mót þér.

Landsbankinn í Mjódd

landsbankinn.is

410 4000



ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

 **Apótekið**
- einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

Sumartilboð

Lamba Hryggur

Verð áður 2.198 kr./kg.
Verð núna 1.998 kr./kg.

Kinda Fíllé

Verð áður 3.798 kr./kg.
Verð núna 3.298 kr./kg.

Heil Ísfugl

Verð áður 1.149 kr./kg.
Verð núna 898 kr./kg.

Pepsi & Pepsi Max

2 lítra

Verð áður 298 kr.
Verð núna 229 kr.

Floridana

Heilsusafi

1 Líter

Verð áður 295 kr.
Verð núna 249 kr.

Lamba Læri

Verð áður 1.798 kr./kg.
Verð núna 1.498 kr./kg.

Nauta Fíllé

Verð áður 4.998 kr./kg.
Verð núna 3.998 kr./kg.

Nýr Svartfugl

Verð áður 790 kr./stk.
Verð núna 595 kr./stk.



Pín verslun

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

- á traustum grunni



Söluaðili:



Soffía Theodórsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Sími: 483 5800

Örfáar íbúðir eftir



*Félag eldri borgara í Reykjavík óskar
félagsmönnum sínum til hamingju með glæsilegar
íbúðir að Hólabergi 84, Reykjavík.
Íbúðirnar eru sérhannaðar með þarfir eldri
borgara í huga og með aðgengi að Þjónustu-
miðstöðinni í Gerðubergi.*

Framkvæmdaraðili:



Arkitektar:

h o r n s t e i n a r
ARKITEKTAR EHF.

Byggingaverktaki:



VIÐTALIÐ

Ætlum okkur ekki héðan fyrr er við förum lárétt

„Við ætlum helst ekki að fara héðan fyrr en lárétt,“ segja hjónin Bjarghildur Jósefsdóttir og Ólafur Ingólfsson húsasmíðameistari en þau eru meðal fyrstu frumbyggjanna í Seljahverfinu. Bjarghildur spjallar við Breiðholtsblaðið að þessu sinni og skyggist meðal annars til frumbýlingsáranna. Þegar hún stóð á auðum mónum með skóflu í hönd og unga dóttur sína sér við hlið og tók fyrstu skóflustunguna að húsinu þeirra við Bakkasel 17. Bjarghildur er lærð hárgreiðslukona en hefur fengist við eitt og annað í gegnum tíðina. Hefur meðal annars starfað á heilsugæslu og verið ein aðaldrifjörðin í Kvenfélagi Seljakirkju. Breiðholtsblaðið leit við á fallettu heimili þeirra í Bakkaselinu á dögunum.

„Við keyptum litla íbúð á Háleitisbrautinni og segja má að við höfum byrjað búskapinn þar. Með byggingu Breiðholtsins opnuðust ýmsir möguleikar fyrir fólk til þess að eignast húsnæði hvort sem var að kaupa á byggingastigi eða sækja um lóðir. Við vildum stækka við okkur og festum því kaup á íbúð tilbúinni undir tréverk við Jörfabakka. Okkur langaði í sérþýli en vildum ekki steypa okkur í skuldir svo það varð að bíða í nokkur ár. Á þessum árum vildi fólk helst eiga fyrir hlutunum og svo var með okkur. Við kunnum vel við okkur í Jörfabakkanum en búskapurinn þar var alltaf hugsaður sem biðleikur eða millibilsástand og þegar farið var að skipuleggja Seljahverfið þá sóttum við um raðhúsálóð. Á þessum tíma gerðu menn felst sjálfir. Þá var ekki farið að fá verktaka og ég held að Seljahverfið hafi að mestu verið byggt með höndum fólksins sjálfs og ákveðin fagverk keypt af iðnaðarmönnum. Maðurinn minn er húsasmíðameistari og stóð því að miklu leyti sjálfur í byggingaframkvæmdunum. Ég man að hann vann nánast nótt og dag á meðan við vorum að koma húsinu upp enda tókst það á einni meðgöngu eða níu mánuðum. Þegar hann kom heim úr vinnu var strax haldið út í húsgrunninn og síðan hálfgerð húsið. Ég man að hann kom stundum ekki heim fyrr um klukkan fimm á morgnana úr byggingaframkvæmdunum. Á þessum árum reyndi fólk að flytja inn eins fljótt og það gat og oft inn í hálfbyggð húsin. Eins var með okkur. Eftir þessa níu mánaða byggingatörn var húsið enn um margt eins og ungabarn. Það átti eftir



Bjarghildur og Ólafur á svölunum heima í Bakkaselinu.

að þroskast. Við fluttum eins og margir aðrir fyrst í kjallarann og færðum okkur svo smám saman upp á hæðina eftir því sem verkin þokuðust áfram.“

Sex ár í eldhúsinnréttingu

Þau Bjarghildur og Ólafur voru lengi ein á stóru svæði í Seljunum. „Já – við vorum alein. Húsið okkar var fyrsta húsið á þessu svæði. Við byggðum fyrsta hlutann af fyrsta raðhúsinu hér í Bakkaselsbotnlanganum. Þegar við fluttum inn var engin lýsing komin og ekki búið að leggja fyrir síma og að sjálfssögðu var engin farsími í þá daga. Við vorum því nánast eins og í afdal þarna í kjallarannum. Við tókum fyrstu skóflustunguna á berangrinu sumarið 1973 og fluttum inn fyrsta apríl 1974. Við nutum því þjartra náttu fyrstu mánuðina því annars hefðum við verið ein í niðamyrkri.“ Bjarghildur segir að þau hafi verið í þessari stöðu um nokkurn tíma en svo var farið að byggja blokkirnar hinu megin Engjaselsins. En þau héldu áfram að vinna í eigin húsi sem smá saman tók á sig núverandi mynd. „Ólafur vann mikið í Kellavík á þessum árum. Hann komst ekki alltaf í bæinn á kvöldin og gisti þá syðra þannig að ég var stundum ein með dæturnar litl-

ar. Tvær þeirra fæddust í Jörfabakkanum en tvær þær yngri hér í Bakkaselinu. Svo unnum við saman að ljúka við heimilið. Ég held að við höfum verið búin að vera hér í sex ár þegar fyrsta alvöru eldhúsinnréttingin var sett upp. Fram að því höfðum við notast við fremur frumstæðan eldhúsbúnað.“

Miðhúsið kom löngu síðar

En móarnir urðu ekki lengi ósnortnir. Fleiri hús fóru að rísa og gróðurinn fór svo að koma. „Þetta tók eðlilega dálítinn tíma fyrir fólk. Hver hafði ráð á að byggja? Það var sama baslið hjá flestum. En þegar ég lít til baka þá voru þetta ein bestu ár æfi minnar og okkar. Húsið varð fókheldt á afmælisdaginn minn þegar ég varð þrítug 12. október 1974. Ég bakaði köku og bauð köllunum sem voru að vinna hér í kringum okkur hver í sínu húsi í kaffi.“ Bjarghildur segir að raðhúsin hafi ekki verið byggð í einu. Heldur algerlega sitt í hvoru lagi. Okkar hús af þremur í lengjunni kom fyrst og við urðum að einangra útvegginn að næsta húsið sem ekki var algengt að gera vegna þess að það liðu ár í að húsið í miðjunni risi upp af grunninum. Húsið á hinum endanum kom næst og það var nokk-

uð lengi skarð á milli. Svona varð hverfið til. Raðhúsin voru byggð. Fyrst eitt. Svo kom annað og síðan gátu liðið ár þar til það þriðja reis af grunni. Ég nefndi eldhúsinnréttinguna. Einhverjum hefði eflaust fundist sex ár langur tími að matreiða við frumstæð skilyrði. En við ákváðum að ganga fyrst frá lóðinni. Laga garðinn og tyrfa. Það var ómögulegt að hafa moldina fjúkandi til og frá og við vissum að við gætum gert hitt smám saman.“

Í prestkosningar með séra Valgeir

„Maður kynntist líka fólkinu í kringum sig. Einar Bergmann rak Kjöt og fisk og dóttir okkar fór að vinna hjá honum um tíma. Og svo kom að því að hér voru haldnar prestkosningar. Við fengum spurnir af því að það væri svo indæll maður í framboði til Seljasóknar og dóttir okkar, sem hafði heyrt af honum í vinnunni sagði að við yrðum að kjósa hann. Þetta var séra Valgeir Ástráðsson en hann var þá prestur á Eyrarbakka. Það snerti mig líka aðeins vegna þess að móðir mín var ættuð þaðan og ég get því rakið ættir mína þangað. Við hittum svo séra Valgeir og hann spurði mig hvort ég vildi aðstoða sig í kosningunum. Þarna hófst líka kunningskapur okkar

Álfheiðar konu hans og þarna liggur upphafið að starfi mínu fyrir kirkjuna.“ Bjarghildur er einn af stofnendum Kvenfélags Seljasóknar. „Það kom þannig til að séra Valgeir hafði áhuga að stofnað yrði kvenfélag við kirkjuna og spurði hvort ég vildi taka stofnun þess að mér. Ég sá fram á að með því ég gæti lagt hönd á plóg við kirkjustarfið og hófst handa við að fá konur með mér sem gætu orðið grunnur að félaginu. Þetta tókst og í dag er félagið um 30 ára gamalt.“

Ætlum okkur ekki héðan fyrr er við förum lárétt

Bjarghildur segir að ýmsar hrakspár sem fóru á flot um Breiðholt hafi ekki ræst. „Hér átti að vera næstum óbyggilegt og fólk var að tala um að það færi aldrei upp í þessar Gólanhæðir eins og Breiðholt hafi stundum kallað. Reyndin varð allt önnur og fólk kepptist um að fá lóðir hér og ég held að flestir hafi verið ánægðir en auðvitað flytur fólk sig til af ýmsum ástæðum. Breiðholt hafi Seljahverfið sérstaklega urðu fljótt vel gróið og spár um að þetta yrði alltaf auðna og tóm stóðust ekki. Það var líka afskaplega gott að ala börn upp hér. Skólarnir náðu sér fljótt á strík og Ólduselsskólinn sem var undir stjórn Áslaugar Friðriksdóttur þegar dætur mínar voru þar var mjög góður skóli og er enn. Ég þekki minna til hinna skólanna en umræðan er um að skólarnir séu góðir. Dætur mínar fóru ekki út fyrir hverfið til að ná sér í menn en þær búa ekki í Breiðholtinu. Alla vegna ekki eins og er. Tvær þeirra eru hér Kópavogsmegin og tvær upp í Norðlingaholti. Breiðholt hafi fyrir löngu fullbyggt og tekur ekki við öllum sem alast þar upp og þetta eru nýjar byggðir en ef til vill með svipaða eiginleika og Seljahverfið. Mér hefur alltaf fundið þessi byggð sérstök. Við eigum ákveðna þorpsstemningu hér. Fólkíð kannast hvort við annað. Býður góðan dag eða heilsast á förnun vegi. Þetta er þó aðeins að breytast því frumbyggjarnir eru sumir farnir eða að fara og nýtt fólk kemur í staðinn. Það er gangur lífsins. Nei – við erum ekkert á förum. Við ætlum okkur helst ekki héðan fyrr en við förum lárétt,“ segir þessi glöðværa kona í Seljahverfinu á meðan Ólafur bóndi hennar fer fram o+g nær í meira kaffi með pönnukökum húsfreyjunnar.“

SKIPTU UM SKOÐUN

Það er ódýrara.

Tékkland	8.945
Aðalskoðun	10.320
Frumherji	9.600

Samanburður á verðskrá aðalskoðunar bifreiða undir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, skv. vefsíðum fyrirtekjanna 15. apríl 2013



TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun



Einn góðan
veðurdag verður
herbergið of lítið

Húsnæðissparnaður Íslandsbanka

Við bjóðum tvo góða kosti fyrir ungt fólk sem er farið að búa sig undir framtíðina. **Óverðtryggður** húsnæðissparnaður hentar þeim sem stefna á húsnæðis kaup í náninni framtíð en **verðtryggður** hentar vel fyrir langtímasparnað.

Og þegar þú kaupir íbúðina færðu **frítt greiðslumat** og **50% afslátt af lántökugjöldum**.*

Kynntu þér málið betur á www.islandsbanki.is/sparnadur eða í næsta útibúi Íslandsbanka.

Verðtryggður sparnaður	Óverðtryggður sparnaður
2,10% vextir*	4,50% vextir*
Hentugur sparnaðartími 3 ár +	Hentugur sparnaðartími 1,5 ár +

*M.v. vaxtatöflu Íslandsbanka 11.06.2013. Skilyrði fyrir afslætti af lántökugjöldum og fríu greiðslumati er reglulegur sparnaður sem nemur að lágmarki 5.000 kr. út bindittíma reiknings. Lánveitingar eru háðar útlánareglum bankans hverju sinni.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

Gleðilegt sumar með Garðatunnunni!

Helstu kostir Garðatunnunnar:

- Ódýr leið til að losna við garðaúrganginn.
- Losuð á tveggja vikna fresti yfir sumartímann.
- Garðatunnan er á hjólum og getur því fylgt þér um allan garðinn.
- Það er ótrúlega þægilegt að hafa svona tunnu alltaf við hendina.
- Þú losnar við að aka með garðaúrganginn á næstu endurvinnslustöð.
- Garðaúrgangurinn fer til moltugerðar hjá Gámapjónustunni hf.

Vantar þig kraftmikinn jarðvegsbæti?

Þá er tilvalið að koma í Berghellu 1 í Hafnarfirði með fötu, poka eða litla kerru og sækja sér moltu eða viðarkurl í garðinn án endurgjalds. Moltuna og kurlid má fá sent heim í stórsekkjum gegn vægu gjaldi. Sjá „gamar.is/moltaogkurl“

Seljum og sendum moltu og kurl til fagaðila og annarra stórnotenda eftir sérstöku samkomulagi.

Allar upplýsingar í síma 535 2510 og á „gardatunnan.is“



GÁMAPJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Söludeild Hringhellu 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími 535 2510 • gamar@gamar.is • www.gamar.is



Frá málþinginu.

Um 60 manns á málþingi um félagsauð

Málþing um félagsauð á hverfisgrunni var haldið í Gerðubergi miðvikudaginn 5. júní sl. Sjöfn Vilhelmsdóttir stjórnmálafræðingur og Jón Gunnar Bernburg prófessor í félagsfræði héldu fróðlega fyrirlestra um félagsauð. Salurinn var þétt setinn, en um 60 manns sóttu málþingið.

Margt forvitnilegt kom fram í erindum þeirra Sjafnar og Jóns Gunars og áheyrendur urðu

margs vísari um þá þýðingu sem félagsauður hefur fyrir samfélagið í Breiðholti, hvaða mælikvarðar eru mögulegir til að mæla félagsauð o.fl. Eftir fyrirlestra og kaffihlé fóru fram líflegar pallborðsumræður þar sem þau Sjöfn og Jón Gunnar sátu fyrir svörum ásamt Degi B. Eggertssyni borgarfulltrúa og Óskari Dýrmundi Ólafssyni hverfisstjóra Breiðholts.

Sumarlokun í félagsstarfinu í Gerðubergi

Vegna sumarleyfa starfsfólks fellur starfsemi og þjónusta Félagsstarfsins í Gerðubergi niður frá mánudegi 1. júlí. Opnað verður að nýju þriðjudaginn 13. ágúst kl. 9.



Karlar settu svip á kvennahlaupið að þessu sinni. Þarna eru; Auðunn Víðir Pétursson, Vigfús Guðmundsson (Bói), Lárus Rögnvaldur Haraldsson, Þorvaldur Jónsson og Sigurður R. Guðmundsson.

Karlar í kvennahlaupi

Hátíðarbragur var hjá Félagsstarfinu í Gerðubergi miðvikudaginn 5. júní sl. því þá fór Kvennahlaup ÍSÍ fram. Kvennahlaupið hefur verið árlegur viðburður í Félagsstarfinu í Gerðubergi frá árinu 2004.

Þorvaldur Jónsson mætt að venju með harmonikkuna og Sigurður R. Guðmundsson sá um upphitun frá kl. 12.30. Formaður hverfisráðs Lárus Rögnvaldur Haraldsson ræsti hlaupið kl. 13. Sú hefð hefur skapast er að karlmennirnir afhenda verðlaunapeningana og ríkir mikil stemning allan tímann.

Björg Atla sýnir í Breiðholtskirkju

Hugleiðingar um áfanga á vegferð mannsins nefnist málverkasýning sem stendur yfir í anddyri Breiðholtskirkju fram í ágúst. Það er myndlistarkonan Björg Atla sýnir sem sínir myndverk og er sýningin haldin á vegum Hollvínafélags kirkjunnar.

Björg Atla útskrifaðist úr málaraeild Myndlista- og handíða-

skóla Íslands 1982. Hún kenndi málun á námskeiðum við Myndlistaskólann í Reykjavík 1982 til 1987. Hún hefur verið með eigin vinnustofu síðan 1982, haldið einkasýningar frá 1984 og tekið þátt í samsýningum.

Björg var einn af stofnendum Grósku, sem er hópur myndlistamanna og áhugafólks um myndlist í Garðabæ. Í tilefni af

25 ára vígsluhátíð Breiðholtskirkju voru sýndar í þessu fallega anddyri 12 útsaumaðar myndir eftir teikningum Margrétar Þórhildar Danadrottningar fyrir „Haandarbejts Fremme“. Myndirnar saumaði Gunnhildur Valdimarsdóttir hjúkrunarfræðingur frá Núpi í Dýrfirði.

www.breiðholt.is

Breiðholtsbúar: Ökuskólinn í hverfinu ykkar. Auk hefðbundins réttindanáms bíður Ökuskólinn í Mjódd upp á eftirfarandi fjölda námskeiða m.a.

- Ætlar þú að fara með ökunema í æfingaakstur? Við bjóðum upp á sérstakt leiðbeinendanámskeið vegna æfingaaksturs á tveggja vikna fresti.
- Þarf þú að bæta þekkingu þína á nýjungum í umferðinni? Bjóðum upp á bæði fræðilega og verklega þjálfun.
- Bóklegt námskeið fyrir bifhjól (stór).
- Bóklegt námskeið fyrir létt bifhjól (skellinöður).
- Nýjung ökuhermar notaðir við alla bifhjólakennslu.
- Fagmennska í fararbroddi.



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300. Opíð 10-17 alla daga.

Vorhátíð Breiðholtsskóla

Vorhátíð Breiðholtsskóla var haldin laugardaginn 8. júní sl. Hátíðin tókst mjög vel og allir nutu dagsins saman í sólskinsskapi.

Skólahljómsveitin lék létt lög við upphaf hátíðar og Jónína skólastjóri Breiðholtsskóla og Ævar formaður foreldra-

félagsins drógu fána að húni. ÍR kynnti starfsemi sína í íþróttahúsi og á skólalóð og Skátafélagið Segull var með skemmtilegan ratleik og sykurlúðagrill sem naut mikilla vinsælda. Sirkus Bakkasels sýndi mannlegan pýramída við góðar undirtektir. Dr. Bæk sá um ástandsskoðun reið-

hjóla og komust færri að en vildu. Þá var löng röð í Veltibílinn vinsæla. Frábær dagur hjá foreldrum og börnum í Breiðholtsskóla. Breiðholtsblaðið fékk nokkrar myndir frá vorhátíðinni.



Pylsurnar eru alltaf jafn vinsælar og það var vægast sagt brjálað að gera við pylsuborðið.



Margir komu með reiðhjólin til skoðunar hjá Dr. Bæk.



Jónína skólastjóri og Ævar formaður drógu fána að húni.



Fólk dreif víða að. Bæði börn og fullorðna.



Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts mætti á hátíðina og lék nokkur lög.



Þessi ungi maður var sérstaklega áhugasamur um hjólið sitt.

LANDSLÖG

SLYSABÆTUR

TRAUST INNHEIMTA SLYSABÓTA FRÁ 1971

Við könnum málið - það kostar ekkert

Hjá Landslögum starfa 20 lögmenn.
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl., Styrmir
Gunnarsson hdl. og Sveinbjörn Claessen
hdl. leiða skaðabótadeild stofunnar.

LANDSLÖG

Bílalögnum breytt við Orrahóla og Flúðasel



Á myndinni kemur fram hvaða óheimilt verður að leggja bílum við Orrahóla.

Nokkrar breytingar verða á bílalögnum við Orrahóla og við Flúðasel í Breiðholti. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkti á fundi sínum 12. júní sl. að stöðubann verði við vesturkant Orrahóla frá Krummahólum að bílastæði í suðurenda götunnar og við austurkant frá innkeyrslu að Orrahólum 7 að Norðurhólum.

Í frétt frá Reykjavíkurborg segir að ökumenn hafi þurft að sæta lagi til að mætast á bílum sínum en lítil breidd götunnar skapar hættu ef lagt er í götunni við útkeyrslu frá Krumma-

hólum 10 og veldur það óþægindum fyrir ökumenn þar sem þverstæði eru við Orrahóla 1. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkti einnig að bannað verði að leggja bílum í Flúðaseli beggja vegna götunnar frá Seljabraut vestur fyrir Fjarðarsel og að beygju á Flúðaseli. En ítrekað hefur verið kvartað yfir að bílum sé lagt í Flúðaseli, sérstaklega í innri hluta götunnar nærri Fjarðarseli. Þessar samþykkingar eru gerðar með fyrirvara um samþykkt lögreglustjóra Höfuðborgarsvæðisins.



Glatt á hjalla í Jöklaborg.

Glæsileg sumarhátíð í Seljahverfi

Sumarhátíð leikskólanna í Seljahverfi fór fram föstudaginn 14. júní en hátíðin er árlegur viðburður leikskólanna í hverfinu og er haldin í tengslum við Þjóðhátíðardaginn. Að baki þessarar hátíðar liggur sú hugmynd vekja þjóðarvitund barnanna og fræða þau um fánann og lýðveldisdaginn.

Hátíðin hófst með skrudgöngu frá Hálsaskógi undir lúðrablaestri þar sem gengið var frá bifreiðastæðinu við Hálsaskóg að göngustíg við enda Flúðasels,

niður hann framhjá Seljaskóla og að Seljahlíð en þar var höfð stutt viðdvöl og sungin nokkur lög með heimilisfólkinu. Eftir sönginn var gengið í kringum tjörnina. Eftir gönguna hélt hver leikskóli hátíð í sínum garði.

Jöklaborg er 25 ára og var haldin hátíð með foreldrum og börnum leikskólum í tilefni dagsins. Í Seljakoti og Seljaborg var haldin sameiginleg leiksýning á túninu milli leikskólanna og eftir leiksýningu fóru leikskólarnir í sína garða þar sem hátíðarhöldunum var haldið áfram, grillaðar pylsur, andlitsmálun og fleira fór fram. Í Hálsaskógi var grænáninn dreginn að hún en skólinn fékk hann afhentan í fimmta sinn og í fyrsta sinn eftir sameiningu Hálsakots og Hálsaborgar.



Gengið frá Seljahlíð en það var sungið með heimilisfólkinu.



Gengið undir lúðrablaestri við andapollinn við Seljahlíð.



Grænáninn dreginn að hún í Hálsaskógi.

Magnús ráðinn aðstoðarskólameistari FB

Magnús Ingvason hefur verið ráðinn aðstoðarskólameistari FB frá 1. ágúst 2013 en Stefán Benediktsson núverandi aðstoðarskólameistari hefur sagt starfi sínu lausu frá sama tíma.

Magnús er menntaður í fjölmíðla- og auglýsingafræðum frá Northern Illinois University og lauk MPA-prófi í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands árið 2008. Magnús hefur kennt við FB frá 1992 eða í samfelld 20 ár. Hann hefur gegnt ýmsum stjórnunarstörfum innan skólans, meðal annars sem kynningarstjóri, deildarstjóri fjölmíðladeildar og umsjónarmaður Kvöldskóla FB. Hann hefur verið framkvæmdastjóri Sumarskóla FB frá árinu 1999. Magnús lauk



Magnús Ingvarsson nýráðinn aðstoðarskólameistari.

stúdentsprófi frá Fjölbrotaskólunum í Breiðholti 1981.



Velkomin í Gróðrarstöðina Stord

Við bjóðum þér upp á:

- ✿ mikið úrval trjáa og runna, fjölargra plantna og harðgerra sumarblóma
- ✿ plönturnar í matjurtagarðinn
- ✿ mold, áburð, ker og potta
- ✿ góða þjónustu og faglega ráðgjöf



GRÓÐRARSTÖÐIN
STORÐ

Dalvegur 30 - Kópavogur - Sími 564 4383
Fax 568 6691 - stord@centrum.is

Næg bílastæði

Komdu í Gróðrarstöðina Stord og njóttu svo sumarsins í litríkum blómagarði heima.


Nýr geisladiskur Eddu Borg

Út er komin geisladiskur með tónlist eftir Eddu Borg en hún er mörgum Breiðhýltingum kunn vegna reksturs tónlistarskóla í hverfinu um margra ára skeið. Þótt Edda sé einkum kunn fyrir kennslustörf og skólastjórn auk þess að hafa leikið með ýmsum hljómsveitum í gegnum tíðina hefur hún einnig verið ótull lagasmíður. „Ég hef alltaf verið að semja með öðrum störfum en lítið gert að því að vinna úr tónsmíðunum mínum eða koma þeim á framfæri fyrr en fyrir tveimur árum að ég átti tíma í stúdíói hjá FÍH. Þá var hafist handa við upptökur en einhvern veginn vannst aldrei tími til þess að ljúka verkinu,“ segir Edda þegar tíðindamaður leit við hjá henni á dögnum.

„Alltaf var á stefnuskránni að ljúka við þetta en það varð ekki fyrr en að Friðrik Karlsson gítarleikari úr Mezzoforte hlustaði á lögín. Honum leist vel á þau, sagði „þú verður að gera eitthvað meira við þetta“ við mig og það varð til þess að við ákváðum að taka þau upp að nýju. Hann tók upptökustjórnina að sér og sá um gítarleikinn en við fengum nokkra fleiri til liðs við okkur. Sigurður Flosason leikur á sópransaxafón og síðan fengum við breska trommuleikarann Simon Strevens til liðs við okkur. Hann kom aldrei hingað til lands en trommuleikurinn var tekin upp í London, fyrir utan þrjú lög sem sænski trommuleikarinn Erik Qvick hafði tekið upp með okkur áður. Aðrir sem komu að þessu voru Agnar Már Magnússon, sem leikur á hljómborð og píanó ásamt mér, Bjarni Sveinbjörnsson sem annast bassaleikinn og svo má geta þess að við fengum „brass“ band til þess að leika með en það fyllti upp í ákveðið tómarúm sem getur skapast þegar unnið er með útsetningar á þessari tegund tónlistar. Þar komu við sögu þeir Ari Bragi Kárasón á trompet og fugelhorn, Samúel Jón Samúelsson á básúna og Sigurður Flosason á tenór saxófón.“

Nafnið á hinum nýja geisladiski er No Words Needed sem gæti útlagst Orð eru óþörf. Hann inniheldur 11 lög í „Smooth Jazz/Fusion“ stíl eftir Eddu Borg, Bjarna Sveinbjörnssyni bassaleikara og Friðriki Karlssyni gítarleikara. „Ég hef verið spurð hvers vegna ég syngi ekkert á þessum hljómdiski, þar sem ég hafi verið sísyngjandi í gegnum lífið. Ég syng nokkrar laglínur í sumum laganna en það er ekki aðalatriðið í þessum tón-

listarflutningi. Ég á talsvert af efni ofan í skúffu sem ég gæti hugsanlega tekið fram, trúlega á nokkra diska og unnið úr því og hljóðritað. En það næsta sem kemur út með mér verður geisladiskur þar sem ég syng jazzstandarda með bandaríska píanóleikaranum Don Randi. Útgáfutónleikar Eddu Borg vegna útkomu þessa fyrsta geisladisks hennar verða á Cafe Rósenberg fimmtudaginn 4. júlí og hefjast kl. 21.



Edda Borg við flygilinn.

sunquick®

á sumarverði
í næstu verslun

Enginn viðbættur sykur

C-vítamín ríkur

Engin litarefni

50% ávaxtasafi



40 glös af sólríkum og svalandi ávaxtadjús úr einni flösku

Breiðholtsblaðið

www.borgarblod.is



Bernskuminningar úr Breiðholtinu

Ragnheiður Davíðsdóttir ólst upp í Seljaherfinu og hefur alltaf átt þar heima ef undanskilinn er stuttur tími þegar hún bjó í 101-um. Foreldrar hennar eru Davíð Davíðsson og Sigprúður Björg Axelsdóttir. Ragnheiður eða Ragga eins og hún er oftast kölluð er grunnskólakennari. Hún starfar við í leikskólanum Seljaborg og stundar MS nám í uppeldis- og menntafræðum við Háskóla Íslands þar sem hún leggur áherslu á samstarf skóla og foreldra, barnavernd og annað því tengt. Ragga rifjar Breiðholtsæskuna að þessu sinni.

Menning er margskonar

Foreldrar okkar fluttu í Dalselið 1974. Ég var ekki fædd. Fæddist ekki fyrr en 1979. Þau fluttu síðan í Fífuselið og þegar bróðir okkar, sem er yngstur fæddist fluttist fjölskyldan í Fjarðasel. Ég flutti í um eitt ár niður í bæ. Í 101 en varð ófrísk og fór þá aftur uppeftir enda styttra til föðurhúsanna og þægilegt að hafa afann og ömmuna skammt undan. Pabbi er reyndar fluttur í Kópavoginn en mamma býr enn í Seljaherfinu. Maðurinn minn heitir Örn Hróbjartsson og er ári eldri en ég. Hann er líka Breiðhyllingur en var alla grunnskólatíðina í Hólalabrekku skóla. Foreldrar hans Lilja og Hróbjartur búa en þá í Hólalabrekku. Við Seljastelpurnar fórum á handbolta og körfubolta hjá ÍR í Seljaskóla og þar sá ég hann fyrst. Var samt ekkert að spá í hann þá. Við kynntumst síðar og eigum nú þrjú börn.

Fann kennarann í mér eftir nokkra leit

Hvernig var Breiðholtíð þegar ég var lítil? Svipað og núna. Orðið gróíð og fínt. Mannlífið hefur eflaust breyst eitthvað eins og gengur en ekkert til hins verra nema að síður sé. Ég var ekki í leikskóla þegar ég var krakki. Var bara heima með mömmu og systkinunum og þyrjaði í Seljaskóla þegar ég var sex ára. Ég eignaðist vinkonur þar og allar bestu vinkonur mínar búa enn í Breiðholtinu. Ég lærði á skíði í brekkunni á bak við húsið heima. Ég var líka mikið í Hólmaseli sem þá hafði nýlega tekið til starfa og náði að tengjast fólkinu þar mjög vel. Svo fækkaði ferðunum í Hólmasel eftir að 10. bekknum lauk. Úr Seljaskóla lá leiðin í FB þar sem ég tók grunnnám fyrir kokka og þjóna. Dvölin í FB varð ekki lengri. Ég tók hlé á námi og fór að vinna í þjónustuverinu hjá Stöð 2. Eftir það fór ég í Menntaskólann við Ármúla, tók tanntækninn og var einnig næstum búinn með sjúkraliðann en fann mig þá loksins endanlega og ákvað að fara í kennaranám sem ég sé ekki eftir. Má segja að ég hafi fundið kennarann í mér eftir nokkra leit. Ég var komin með heimili og farin að vinna í Seljaborg sem er rekinn í anda Hjallastefnunnar og er kynjaskiptur.



Þetta er gömul mynd eins og sést af mér og bróðir mínum Davíð. Hún er tekin í Fjarðarselinu.

Menning er margskonar

Á þessum tíma var ég farin að upplifa bernskuna aftur. Komin með þrjú börn. Stóru börnin voru komin í skóla og sú litla í leikskóla. Þetta vakti með mér áhuga á uppeldismálunum og ekki síst starfi leikskólanna. Ég er mjög ánægð með hvernig þau mál hafa þróast. Mitt áhugasvið er einkum samvinna á milli foreldra og leikskólanna og einnig foreldra og grunnskólabarna og kannski ekki síst samvinnu á milli foreldranna sjálfra. Ég vil líka sjá húsnaði skólanna betur nýtt í þágu samstarfs foreldra og skóla og gefa

öllum kost sem hafa eitthvað að bjóða. Maður veit ekki fyrirfram hvernig hugmyndir á borð við þessar koma til með að ganga upp en mér finnst nauðsynlegt að auka samstarf á milli foreldra og skóla. Þetta er líka alveg nauðsynlegt þegar litill er til fjölmenningarinnar. Breiðholtíð

er ríkt af ýmskonar menningu sem hefur borist hingað og á sama hátt og þeir sem flytja hingað læra á og aðlagast okkar menningu þá geta þeir líka sagt frá, kynnt sína menningu og auðgað samfélagið á margvíslegan hátt. Menning er margskonar og það þarf að hjálpa fólki til þess að byggja upp samstarf þar sem flestir geta lagt sitt af mörkum og notið sín.

Samstarf er af hinu góða

Að vekja upp samstarf strax í leikskóla er góður undirbúningur fyrir grunnskólann. Lokaverkefni mitt í náminu fjallar um miðstöð þar sem allir geta komið saman og miklu skiptir að allir njóti sín og líði vel auk þess að hafa aðgang að því sem fólk þarf. Ég tel að oft sé hægt að sinna þörfum fólks að þessu leyti og nú er ég búin að fá vilyrði fyrir samvinnu við þjónustumiðstöð Breiðholts. Á sama hátt og ég tel samstarf foreldra og skóla af hinu góða held ég að verkefni á borð við kynslóðirnar saman geti skilað góðum árangri. Eldri borgarar geta sagt frá svo mörgu og krakkarnir eru fróðleiksfús. Og svo getur þetta líka virkað í hina áttina. Tölvunámskeiði þar sem ungmenni kenna eldri borgurum að nota tölvur eru gott dæmi um það.

Hér eru heimahagarnir

Ég bý hér í Kambaselinu þar sem við erum búin að vera í tíu ár. Íbúðin er að verða of lítil fyrir okkur en ég get ekki hugsað mér að fara úr hverfinu. Þetta er yndislegt umhverfi og móðurfjölskylda mín er öll á þessu svæði. Þannig verð ég bara að lifa eftir orðtakinu um að þröngt megi sáttr sitja. Ég á líka yndislega nággranna. Fólk býður góðan daginn eða heilsast á förnum vegi. Tekur stundum tal saman. Maður finnur svo vel að hér eru heimahagarnir þegar maður labbar um.



Þetta er fjölskyldan mín en á henni er ég og maðurinn minn Örn, svo börnin okkar, Axel sem er elstur, Lilja sem er næst elst og svo Inga sem er litla barnið á myndinni.



Þessi mynd var tekin á liðnum vetri. Þarna er ég var með börnin; Sigrúnu, Lilju og Ingu Mariú í göngutúr á göngustignum við Jöklaborg.

Björn Jón Bragason skrifar:

Mislæg gatnamót bjarga mannlífum

Á dögnum voru kynnt drög að nýju aðalskipulagi Reykjavíkur til ársins 2030. Svo sem kunnugt er af fréttum er lítil áhersla lögð á uppbyggingu í úthverfum, heldur er nær eingöngu stefnt að þrengingu byggðar vestan Elliðaáa. Umferðarkerfi hins nýja skipulags er kapituli út af fyrir sig, en ekki er gert ráð fyrir neinum nýjum mislægum gatnamótum í Reykjavík til ársins 2030 og þá er stefnt að þrengingu helstu stofnæða þrátt fyrir aukna byggð – og þar með aukna umferð.

Reykvíkingar hafa um langt árabil verið sveltir þegar kemur að fjárveitingum til vegamála, en stærstur hluti stofnbrauta á höfuðborgarsvæðinu eru svokallaðir þjóðvegir í þéttbýli. Þannig háttar meðal annars til um Reykjanesbraut, en samkvæmt hinu nýja skipulagi verður ekki bætt úr því ófremdarástandi sem er á gatnamótunum við Bústaðaveg. Þúsundir Breiðhyllinga fara þessa leið á hverjum degi.

Árið 2011 námu fjárframlög ríkisvaldsins til viðhalds og nýframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu um eitt hundrað milljónum króna, sem var aðeins um eitt prósent af heildarvegafé það ár, en sömu sögu er að segja um árin 2009 og 2010. Nú hefur verið gengið enn lengra og ríkisvaldið samið við Reykjavíkurborg um að ekki verði ráðist í neinar vegaframkvæmdir í borginni næsta áratuginn, eða fram til ársins 2022. En jafnvel þó ekki kæmu til neinar



Björn Jón Bragason.

nýframkvæmdir mun alltaf verða mikil þörf á viðhaldi vega og eftir því sem þeim framkvæmdum er slegið á frest margfaldast framtíðarkostnaðurinn, auk þess sem umferðaröryggi hriðversnar.

Á árunum 2007 til 2011 urðu 18 prósent banaslysa í Reykjavík og 43 prósent annarra alvarlegra slysa, en þá er átt við slys sem leiða til varanlegs skaða eða örkuðla. Mikill meirihluti alvarlegra slysa verður á ljósastýrum gatnamótum. Þá valda hinar miklu umferðartafir mengun með óþarfa eldsneytisbruna, tíma-missi og öllum þeim kostnaði sem þessu fylgir. Rétt er að líta á umferðina eins og aðrar veitur, vatnsveitu, hitaveitu og rafveitu. Við myndum seint sætta okkur við stopult rennsli á heitu og

köldu vatni, eða þá að rafmagnið slægi reglulega út.

Til mikils er að vinna, enda verður ekki lengur búið við þann þjóðhagslega skaða sem hlýst af umferðartöfum. Oft er talað um ábyrgð ökumanna, en hver er ábyrgð stjórnmalamanna sem skirrast við að taka á þessum alvarlega vanda? Sinnuleysi í þessum málaflökki kostar beinlínis mannlíf.

Höfundur er sagnfræðingur

10, 30 og 100 stk pakning fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Actavis

Einkarekið apótek
Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



Sogavegi við Réttarholtsveg
Opíð kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

Ertu búinn að fá þér
Veidikortið!



Veiditímabilið er byrjað. Kr. 6.900.-

www.veidikortid.is

Matur og vín:

Uppskrift mánaðarins

Sinneps- og villijurta-kryddað lambaprime

Aðalréttur fyrir fjóra.

- 1 kg lambaprime
- 1 krukka Kofoed's klassik sinnep
- 4 msk villijurtakrydd (þurrkað)
- 1 msk paprikuduft

Aðferð:

Blandið kryddjurtunum og paprikuduftinu saman og veltið kjötinu upp úr blöndunni. Penslið kjötið reglulega yfir grillímann með sinnepinu. Grillið kjötið við meðalhita í u.þ.b. 20 til 25 mínútur og snúið reglulega eða þangað til kjötmælir sýnir 54°C. Látið hvíla í 5 mínútur effir grillun.

Þessar tvær vintegundir henta einstaklega vel með þessum rétti.



Lindemans Cawarra Shiraz / Cabernet – Ástralía

1.980 kr.

Rúbinrautt. Létt meðalfylling, hálfþurr, mild tannin. Rauð ber, krydd.

Piccini Memoro – Ítalía –

1.999 kr.

Dökkurúbinrautt. Þétt fylling, þurr, fersk sýra, þroskuð tannin. Sælgætiskennur berjablámi, vanilla, eik. Vín gert úr þrúgum frá fjórum hornum Ítalíu.

Uppskrift mánaðarins

Höfundur uppskriftar mánaðarins er Daniel Pétur Baldursson matreiðslumaður og kjötmeistari Nóatúns. Daniel lærði til matreiðslumanns á Hilton Reykjavík Nordica og útskrifaðist þaðan árið 2009. Eftir útskrift próaði Daniel hæfileika sína á Vocal Restaurant og fleiri stöðum.

Þennan rétt völdum við sem uppskrift mánaðarins því hann er mjög gómsætur og einfaldur í eldamennsku og ekki skemmur að öll aðföng má fá á einum stað í næstu Nóatúnsverslun.

NÓATÚN

Það kórónar hverja máltíð að njóta þess að drekka gott vín með matnum. Við látum fylgja hér með tillögur að tveimur vintegundum sem hæfa þessum rétti alveg einstaklega vel.

Verði ykkur að góðu.

Snorri tekur við skólahljómsveitinni

Snorri Heimisson hefur verið ráðinn stjórnandi Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts. Hann tekur við starfinu 1. ágúst.

Snorri er blásarakennari frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og er með framhaldsmenntun frá Konunglega Konservatoríinu í Kaupmannahöfn. Hann hefur leikið með ýmsum hljómsveitum og kammerhópum. Snorri stjórnar m.a. Lúðrasveit Verkalýðsins í fjögur ár og hefur undanfarin ár starfað sem kennari við Skólahljómsveit Grafarvogs. Sex umsækjend-



Snorri Heimisson.

ur voru um stöðu stjórnanda við skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts.

Sumarið í félagsmiðstöðvunum

Eftir fjörugan og skemmtilegan vetur hófst sumarstarfið hjá okkur mánudaginn 10. júní síðastliðin. Opið er í félagsmiðstöðvunum til 5. júlí á mánudögum og miðvikudögum frá kl 20:00 til 23:00. Eins og venjulega munum við bralla margt og mikið og ættu allir að geta fundið sér eitthvað við sitt hæfi.

Eins og venjulega bjóðum við upp á sumarsmiðjur fyrir krakka úr 5., 6. og 7. bekk. Smiðjur eru í boði á þriðjudögum, fimmtudögum og föstudögum og eru keyrðar frá tveimur félagsmiðstöðvum í einu. Í boði er meðal annars hvalaskoðun, skyllingar, klifur, heimsókn á Domino's Pizza, ferð í Nauthólsvík og margt margt fleira. Skráning fer fram gegnum www.rafaen.reykjavik.is



Myndirnar eru frá sumarstarfi félagsmiðstöðvanna.

Með hóp á vegum vinnuskólans

Einnig verðum við með hóp á vegum Vinnuskóla Reykjavíkur hjá okkur í vinnu. Þau vinna frá 4-6 tímum á dag í 4 vikur og eru verkefnið margvísleg. Meðal annars fara þau að vinna á leikskóla, vinna með eldri borgurum, taka til í hverfinu og fá ýmskonar fræðslur. Myndirnar sem fylgir

með fréttinni er einmitt frá hóp úr Hólmaseli sem var í svokölluðum Mission Impossible leik um hverfið, en markmiðið með honum er að þetta hópinn saman ásamt því að skoða hverfið sitt vel og vandlega. Nýjung hjá okkur í sumar er svo að bjóða upp á spes starf fyrir krakka sem voru að klára

8. bekk. Það starf er á mánudögum og miðvikudögum og er það þátttakendum að kostnaðarlausu. Hvetjum við alla þá sem voru að klára áttunda bekkinn að kíkja á hvað er í boði og taka þátt. Eins og heyrst er margt og mikið að gerast hjá okkur í sumar og hlakkar okkur til að sjá sem flesta.

MIKIÐ ÚRVAL AF LITRÍKUM

Sumarfatnaði fyrir konur

á öllum aldri

Sjón er sögu ríkari

Verið velkomnar


Fröken Júlia
Mjódd - S. 557 5900

Kvikmyndasmiðja frístundaheimila sýndi í Mjóddinni

Kvikmyndahátíð var haldin í Mjóddinni föstudaginn 31. maí sl. þar sem sýndur var afrakstur af starfi kvikmyndasmiðja í frístundaheimilum Miðbergs. Sýndar voru myndir frá Álfheimum, Hraunheimum og Vínheimum og Vínasel sýndi stop-motion mynd sem unnin var fyrir Barnamenningarhátíð.

Börnunum var boðið í bíó í Sambíó og fengu popp og svala

með. Það var mikil gleði og spenna að fá að sjá sig eða vini sína á stóra tjaldinu. Foreldrar fengu síðan tækifæri nú í vikunni til að sjá myndirnar og panta sér DVD-diska á sérstakri sýningu í Samkomuhúsinu í Seljaskóla. Ætlunin er að halda áfram með kvikmyndasmiðjur næsta haust. Styrkur fékkst frá Þróunarsjóði til verkefnisins fyrir árið 2013. Hafsteinn Vilhelmsson hafði veg og

vanda af starfinu með börnunum ásamt því að sjá um uppsetningu á handriti barnanna, upptökur, hljóð og klippingu á myndum. Börnin sáu algerlega sjálf um handritaskrif og ákveða persónur og leikendur á hverju frístundaheimili fyrir sig en mismunandi var hversu mörg börn voru í kvikmyndaklúbbunum eftir heimilum.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188

HÁRLAUSNIR

Hársnyrtistofa
Háteigavegi 2 - 105 Reykjavík

Herraklipping
kr. 3.450.-

Litun, strípur, herra og dömklippingar

Við bjóðum betra verð! Hringdu og kannaðu málið!
Tímarauntanir í sími 694 5926



SIBA
PAKRENNUKERFI
á öll hús - allstaðar
Úrval lita á lager

FRUM

Þú nærð árangri með Plannja pakrennum

BLIKKÁS - FUNI
Smiðjuvegi 74 - 200 Kópavogi - Sími 515 8700
www.funis.is - www.blikkas.is

Tiltekt á vorhátíð Ölduselsskóla

Foreldrafélag Ölduselsskóla stóð fyrir vel heppnaðri vorhátíð í annað sinn laugardaginn 25. maí síðastliðinn. Börn og foreldrar fjölmenntu og tóku til hendinni frá klukkan 10-12. Það var eftirsótt að þvo glugga og biðu sum börnin í röð eftir að fá gluggaþvottasköfunu í hönd og fá að prófa. Vaskir einstaklingar á öllum aldri gengu um alla lóð og týndu samviskusamlega upp fernur, plastmál, nammibréf og fleira rusl sem villst hafði yfir á skólalóðina. Annar hópur tók sér sóp í hönd og gerði sér lítið fyrir og sópaði alla hluta steyptu lóð skólans. Eftirtektarsamir munu hafa séð að einnig komust nokkrir grænir fingur í arfa og njóla sem prýða nú ekki lengur skólasvæðið.



Þessir stóðu sig vel í tiltektinni.

Eftir tiltektina á skólalóðinni eða frá klukkan 12 til 14 var boðið upp á grillaðar pylsur og safa og sá ÍR um að kenna ungvíðinu meistarataka á grasvöllinum og inni í íþróttasal var boðið uppá kennslu í Taekwondo. Skemmtiatriði voru í höndum hæfileikaríkra nemenda úr Ölduselsskóla. Skátarnir buðu uppá frábæra skemmtun og höfðu sig alla við að veita grillaða sykarpúða til þeirra sem leystu skemmtilega þraut eða

ratleik sem var í þeirra boði. Hoppukastalinn stóð fyrir sínu eins og við var búist. 10. bekkur var með skemmtilegan flóamarkað og bauð einnig uppá bakkelsi til sölu til styrktar fyrirhugaðrar bekkjarferðar.

Vorhátíðin er kjörinn vettvangur til þess að koma saman í lok

skólaársins og hafa gaman af og auðvitað til þess að fegra skólalóðina eftir veturinn. Með því að börn mæti og taki til hendinni á skólalóðinni sinni er verið að efla umhverfisvitund þeirra og stuðla að því að þau beri meiri virðingu fyrir umhverfi sínu.

Jórunn Sóley dux í FB

Jórunn Sóley Björnsdóttir varð dux á stúdentsprófi frá Fjölbraut í Breiðholti. Hún lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskólunum í Breiðholti sem dux skólans að loknu starfsnámi á sjúkraliðabraut og hlaut verðlaun fyrir bestan árangur í ensku, íslensku og raungreinum.

Í samtali við vefsíðu skólans segir hún segir dagana eftir útskriftina hafa verið æðislega. Hún hafi varla haft undan að svara símtölum frá fólki sem óskaði henni til hamingju og kvaðst vera alveg í skjýjunum. Hún kvaðst einnig ætla að taka mér frí frá námi í eitt ár og vinna á hjúkrunarheimilinu Sóltúni en stefnir að því að fara í háskóla haustið 2014. Hún kveðst ánægðust við árangurinn í raungreinum, enda komi þær líklega til með að nýtast henni vel í framtíðinni. Jórunn Sóley mælir heils hugar með starfsnámi sem góðum námskosti. „Í sjúkraliðanáminu vann ég á öldrunarstofnun, tauga-



Jórunn Sóley Björnsdóttir dux Fjölbrautaskólans í Breiðholti

deild, hjartadeild og geðdeild og þannig lærir maður nokkuð vel á vinnumarkaðinn, hvernig er að vinna með mismunandi fólki og þar fram eftir götunum, og er því

vel undirbúinn þegar náminu lýkur. Mesti kosturinn við verklegt nám er að upplifa það sem maður lærir um í bókunum.“

T&G Tölvur og gögn ehf. PC & Mac

þekking og reynsla

Persónuleg og traust tölvuþjónusta í Miðd

í sama húsi og Íslandsbanki.

eknm í umr í sama húsi og Íslandsbanki.

Parabakki 3, **Miðd**
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is

Heilsulindir í Reykjavík

NÚ VERÐUR OPIÐ LENGUR Í SUMAR!

í þínu
hverfi

fyrir alla
fjölskylduna

550 kr.
Fullorðnir
130 kr.
Börn

Afgreiðslutími

1. Júní - 1. September

ÁRBÆJARLAUG

Mánud.-fimmtud..... 6:30 - 22:00
Föstudagar..... 6:30 - 20:00
Helgar..... 9:00 - 19:00

BREIÐHOLTSLAUG

Mánud.-fimmtud..... 6:30 - 22:00
Föstudagar..... 6:30 - 20:00
Helgar..... 9:00 - 19:00

GRAFARVOGSLAUG

Mánud.-fimmtud..... 6:30 - 22:00
Föstudagar..... 6:30 - 20:00
Helgar..... 9:00 - 19:00

VESTURBÆJARLAUG

Mánud.-fimmtud..... 6:30 - 22:00
Föstudagar..... 6:30 - 20:00
Helgar..... 9:00 - 19:00

LAUGARDALS LAUG

Mánud.-fimmtud..... 6:30 - 22:00
Föstudagar..... 6:30 - 22:00
Helgar..... 8:00 - 22:00

SUNDHÖLLIN

Mánud.-fimmtud..... 6:30 - 22:00
Föstudagar..... 6:30 - 20:00
Laugardagar..... 8:00 - 16:00
Sunnudagar..... 10:00 - 18:00

KLÉBERGSLAUG

Virkir dagar..... 10:00 - 22:00 *
Helgar..... 11:00 - 17:00 *

* 8. Júní - 21. ágúst

Samstarf Landsbankans og ÍR endurnýjað



Hjálmar Sigurbórsson formaður aðalstjórnar ÍR og Friðgeir Magni Baldursson útibússtjóri Landsbankans í Mjódd við undirritun samstarfssamningsins.

Íþróttafélag Reykjavíkur og Landsbankinn hafa endurnýjað samstarf sitt til tveggja ára. Bankinn verður áfram aðalbak-hjarl allra deilda ÍR og útibú-ið í Mjódd mun standa þétt að baki félagsmönnum í ÍR.

„Við erum afar stolt af stuðningi okkar við ÍR,“ segir Friðgeir Magni Baldursson, útibússtjóri Landsbankans í Mjódd. „Útibú-ið í Mjódd hefur allt frá stofnun verið aðalstyrktaraðili ÍR, auk ýmissa annarra samfélagsverkefna. Landsbankinn hefur um þriggja ára skeið afsalað sér auglýsingum á búningum félagsins og liðið fékk í staðinn að yelja gott málefni á búningana. ÍR valdi Hjartaheill og merki félagsins prýðir því búninga félagsins næsta ár.“

ÍR-ingar ánægðir

„ÍR-ingar eru mjög ánægðir með hve þétt Landsbankinn hefur staðið að baki félaginu.“ Segir Hjálmar Sigurbórsson, formaður ÍR. „Það er félaginu ómetanlegt að eiga svo öflugan bak-hjarl sem með stuðningi sínum tekur þátt í því langhlaupi sem starfsemi félagsins er. Útibú-ið í Mjódd hefur reynst félaginu afar vel og hvet ég alla ÍR-inga til að nota þjónustuna sem þar er í boði.“ Í tengslum við samninginn greiðir Landsbankinn áheiti fyrir hvern sigurleik á Íslandsmótum í meistaraflökki kvenna og karla í knattspyrnu, körfuknattleik og handknattleik. Ágóðinn skiptist á milli Hjartaheilla og ÍR.

Leiknir var stofnað 1973

Getraunarnr. 111



www.leiknir.com

Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Eins og rigning úr skýi

Leiknismenn urðu að láta sér lynda jafntefli gegn Víkingum þrátt fyrir að fá mun fleiri færi en andstæðingurinn að þessu sinni og leika manni fleiri í dágóðan tíma. En stig er stig og þau telja öll þegar tekið er upp-úr pokanum í haust.

Leiknismenn voru mun sterkari aðilinn í fyrri hálfleik og markið lá má segja í loftinu nær allan leiktímann. Óli Hrannar fékk dauða-



færi enn gegn markverði Víkinga en skaut framhjá og tvívegis var Vigfús Arnar við það að sleppa einn í gegn. Það kom því eins og rigning úr skýi þegar Leiknismenn skoruðu loks mark. Þar var að verki Brynjar Hlökkversson á fjarstöng eftir hornspyrnu. Fékk hann óáreittur að setja boltann í tómt markið með fótunum eftir að hafa gefist tími til að taka við knettinum við markstöngina fjær.

Leiknismenn sigruðu Þróttara

Leiknismenn sigruðu Þróttara í laugardalnum nú á dögumum 1-0 í leik sem liðiðist talsvert af lélegum vallaraðstæðum. Leiknismenn voru betri aðilinn heilt yfir en Þróttur átti sína spretti en mark Hilmars Árna skildi liðin að.

Leiknismenn byrjuðu leikinn ekki alveg nægjanlega vel og komst Þróttur næst því að skora þegar Karl Brynjar átti hörkuskalla í slána og yfir. Smátt og smátt náðu þó okkar menn tök-unum á leiknum og vellinum sem var arfaslakur. Hilmar Árni

átti flott skot sem markvörður Þróttar varði og síðar var Ólafur Hrannar kominn í ákjósanlegt færi en varnarmaður Þróttar komst fyrir á síðustu stundu. Það var því jafnt í hléinu 0-0.



Hressir Ægiskrakkar á Akranesmót



Alls fóru 38 hressir Ægiringar á aldrinum 7 til 14 ára á Akranesleikana helgina 31.5 maí til 2. júní sl. Mörg voru að fara í fyrsta sinn á Akranesleikana og að gista alein í fyrsta sinn.

Krakkarnir stóðu sig af stakri þrýði, allir voru kurteisir og til fyrirmyndar í skólanum þar sem við gistum. Veðrið setti strik í reikninginn þetta árið en það var rok og rigning nánast allan tímann þannig að þegar þau voru ekki að synda þá fengu þau að bíða inni í íþróttahúsinu. Sólin ákvað hins vegar að heiðra okkur með nærveru sinni síðasta mótshlutann eftir hádegi á sunnudeginum og þá drifu yngri börnin sig í fjöruferð á Langasand með fararstjórum. Einhverjir bættu við sig AMÍ lág-mörkum og mörg þessi yngri syntu í fyrsta sinn margar greinar. Ekki voru veitt sérstök verðlaun í aldursflokknum 10 ára og yngri.



Hressar á Akranesmóti.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Alúð - virðing - traust

Áratuga reynsla

Suðurlíð 35, Rvk • www.utfarin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242

Allan sólarhringinn

Komum heim til

aðstandenda ef óskað er

Kristín Ingólfssdóttir

Sverrir Einarsson
Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfarastofa.is

Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Eru rennurnar og niðurföllin hjá þér farin að leka?



Fyrirtækið Rennur & Niðurföll tekur að sér að endurnýja og laga rennur & niðurföll, einnig aðra þakvinnu og þakmálun.

Upplýsingar í síma 694 8448, Ólafur

ÍR- og Leiknisvörur í úrvali

Enskar fótþoltavörur

Leikföng í úrvali

Leiksport

Sími 5575020

Hólagarði

Í öðru sæti í Gautaborg

Drengirnir í 8. flokki í körfu fóru góða ferð til Gautaborgar dagana 8. til 12. maí síðastliðinn og lentu í öðru sæti á Gautaborg-armótinu í körfubolta. Mótíð er stærsta ungmennamót í körfubolta í Evrópu. Alls voru 38 lið skráð til leiks í 8. flokki karla, frá Skandinavíu og víðar. Spilað var í níu riðlum og sigraði ÍR sinn riðil með yfirburðum. Þá tók við 16 liða útsláttarkeppni og vann ÍR þar öruggan sigur. Næstu leikir voru gegn sterkum liðum og mætti ÍR IK EOS í 8-liða úrslitum. ÍR hafði 10 stiga sigur að lokum, 40 til 30, eftir að hafa leitt nær allan leikinn.

Daginn eftir, á sunnudag, lék ÍR í undanúrslitunum gegn Norrköping Dolphins. Eftir að hafa verið einu stigi undir í hálfleik hafði 12 stiga sigur að lokum, 38 til 26 fyrir ÍR. Sigurinn virtist koma leikmönnum sænska liðsins nokkuð á óvart, sem sýndu það með óþróttamannslegri háttsemi á síðustu andartökum leiksins. Í úrslitunum mættust ÍR og Mölnadal Basket. Sænska liðið var firna-



Frá verðlaunaafhendingu í Liseberg-íþróttahöllinni í Gautaborg. Menn voru að vonum nokkuð svekktir eftir tap í úrslitaleik en árangurinn engu að síður glæsilegur.

sterkt og hafði meðal annars einn turn innanborðs sem lokaði flestum leiðum undir körfunni. Mölnadal var sjö stigum yfir í hálfleik, 19 til 12, og vann að lokum með 36 stigum gegn 19. Þrátt fyrir tap í úrslitaleik stóðu drengirnir í ÍR sig afburðavel og gátu ekki spilað

fleiri leiki á mótinu, eða 3 í riðli og 4 í úrslitakeppninni. Háttsemi ÍR-inga var til fyrirmyndar bæði innan vallar sem utan og er bikarinn sem fékkst fyrir 2. sæti mótsins til marks um góðan endi á flottu tímabili 8. flokks ÍR.

Gull og silfur hjá kvennasveitinni

Íslenska kvennasveitin í 4x400 m boðhlaupinu kom langfyrst í mark í næstsíðustu grein dagsins á smáþjóðaleikunum á glæsilegum tíma 3:40,97 mín en Íslandsmetið í greininni er 3:38,96 mín.

Sveitina skipuðu þær Stefánía Valdimarsdóttir, Fjóra Signý Hannesdóttir, Hafdís Sigurðardóttir og Aníta Hinriksdóttir sem

nældi sér í sín þriðju gullverðlaun. Í öðru sæti var sveit Luxemburg rúmum þremur sekúndum á eftir íslensku sveitinni.

Karlasveit Íslands í 4x400 m boðhlaupinu fór ekki af stað en Trausti Stefánsson, einn liðsmanna sveitarinnar, fékk krampa í 200 m hlaupinu og er það að öllum líkindum ástæðan fyrir því að

sveitin hefur dregið sig úr keppni.

Kvennasveitin í 4x100 m hlaupinu kom önnur í mark á tímanum 46,43 sm en Kypverjar tóku gullið á tímanum 46,02 s. Sveit Íslands skipuðu þær Sveinbjörg Zophoníasdóttir, María Rún Gunnlaugsdóttir, Hafdís Sigurðardóttir og Hrafnhild Eir Hermódsdóttir.

Arna Stefánía í 3. sæti

Arna Stefánía Guðmundsdóttir varð í 3. sæti á Norðurlandameistaramóti unglunga í sjöþraut sem fram fór í Huddinge í Svíþjóð helgina 8 til 9 júní. Hún hlaut 5190 stig og náði þar með lágmarki í EM unglunga 18 til 20 ára.

Þetta er frábær árangur hjá Örnunni og gott að lágmarkið er í höfn. Árangur hennar í einstökum greinum var eftirfarandi: 100 m grindahlaup 14,57 sek og 1,65 m í hástökki sem sem er besti árangur hennar í þraut, 9,20 m í kúluvarpi, 25,25 sek í 200m, 5,45 m í langstökki, 38,98m í spjótkesti og 2:20.19 mín í 800m.



Arna Stefánía Guðmundsdóttir og Práinn Hafsteinsson íþróttafrómuður og þjálfari.

Góður árangur hjá Hilmarí Erni

Hilmar Örn Jónsson hélt áfram að bæta árangur sinn í sleggjukasti á Vormóti HSK á Selfossi á hvítasunnudag þegar hann kastaði 55,93 m sem er 30 cm lengra en hann kastaði á þessu sama móti í fyrri. Þetta er jafnframt besti árangur Íslendinga í þessum aldursflokki með 7,26 kg sleggjunni. Hilmar Örn sigraði einnig í kúluvarpi í sínum flokki.

Hilmar Örn hefur verið ötull við að keppa að undanförunni og ætlar sér greinilega stóra hluti í sumar enda EM og HM unglunga og Bauhaus stórtmótið á næsta leiti. Hann kastaði 6 kg. sleggjunni 67,08 m. á innanfélagsmóti ÍR í Laugardalunum en með þessu kasti tryggði hann sér farseðil á EM 19 ára og yngri sem fram fer á Rieti á Ítalíu um miðjan júlí í sumar. Lágmarkið á mótið er 66,00 m. Hilmar Örn er aðeins 17

ára og er þetta góð bæting á hans eigin meti í flokki 16-17 ára pílta. Fyrri metið hans var 62,54 m frá síðasta sumri. Þetta er einnig met í flokki pílta 18-19 ára, fyrri metið sem var 66,05 m átti enginn annar en Bergur Ingi Pétursson FH. Á Coca Cola móti FH þann 10. júní bætti Hilmar síðan met sitt í flokki 16 til -17 ára pílta í sleggjukasti. Hann kastaði sleggjunni að þessu sinni 72,87 m sem er bæting um 1,25 m. Eldra met Hilmar Arnar var sett 22. maí sl. Hilmar átti þrjú köst á mótinu yfir 70 metra, en hin voru rétt við, sem sýnir gott öryggi hans í greininni. Hilmar Örn hefur fjórbætt metið í þessum aldursflokki með 5. kg sleggjunni, en það var um 57 m, þegar Hilmar bætti það fyrst í tæpa 62 metra, síðan 69,24 og loks í 71,05 í júní í fyrri. Hilmar á einnig metin í 14 ára og 15 ára flokkum.



Hilmar Örn Jónsson varpar kúlunni frá sleggjunni.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

Uppskeruhátíð yngri í körfunni

Uppskeruhátíð yngri flokka körfuknattleiksdeildar ÍR var var haldin í Seljaskóla þann 18. maí sl.

Veitt voru verðlaun og viðurkenningar fyrir þátttöku og frammistöðu í vetur sem leið. Keppt var í stinger og pylsur voru grillaðar.



Byrja vel í frjálsum

ÍR-ingar voru á góðri siglingu á fyrstu mótum sumarsins Annað mót í Prentmets mótarið FRÍ fór fram á Laugardalsvelli 22. maí. Guðmundur Sverrisson átti mjög gott kast í spjótkesti og sigraði, kastaði 73,73 m sem er hans næst lengsta kast frá upphafi. Aníta Hinriksdóttir skellti sér í 100 m hlaup, varð 3. á tímanum 12,72 sek. Stuttu seinna var Aníta mætt í 300 m hlaup þar sem hún sigraði á tímanum 39,91 sek. Ívar Kristinn Jasonarson sigraði í 100 m hlaupi karla á tímanum 11,11 sek.

Hilmar Örn Jónsson bætti sig með 5 kg. sleggju þar sem hann kastaði lengst 71,62 m. sem er bæting á aldursflokkameti hans í flokki 16 til 17 ára. Hann keppti

einnig með karlasleggjunni, þar sem hann sigraði og kastaði lengst 55,21 m. Að lokum keppti hann í kúluvarpi með 5 kg kúlu og kastaði henni lengst 17,41 m. Kristín Birna Ólafsdóttir sigraði í 100 m grind á tímanum 14,44 sek. (+2,04). Ylfa Rún Jörundardóttir sigraði í sleggjukasti kvenna, kastaði lengst 37,30 m. Hlynur Andrésson varð fyrstu í 1500 m hlaupi á tímanum 4:05,05 mín, Snorri Stefánsson félagi hans varð annar í því hlaupi á tímanum 4:07,38 mín. Björn J. Þórsson varð annar í langstökki, stökk lengst 6,43 m (+2,6) og Hulda Þorsteinsdóttir varð önnur í hástökki, stökk hæst 1,60m sem er 10 cm hærra en hún stökk á fyrsta móti sumarsins á Selfossi.

Fjör á fjörkálfum

Fjörkálfanámskeið ÍR fór af stað vikuna 10. til 14. júní. Hressir krakkar komu til okkar á námskeiðið, enn um er að ræða sameiginlegt námskeið Frjálsíþróttadeildinni og Knattspyrnudeildinni.

Hápunktur námskeiðsins var

þó þegar Aron Jóhannsson leikmaður AZ Alkmaar og Guðlaugur Victor Pálsson Leikmaður NEC Nijmegen mættu og heilsuðu uppá krakkana, enn liðin þeirra leika bæði í Hollensku úrvalsdeildinni og var Aron bikarmeistari með Alkmaar nú á dögnum.



GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109

Nú er opið allan
sólarhringinn í Engihjalla



*Allan sólarhringinn,
alla daga*

Iceland